

# THE Lion

Blað nr. 235

ÍSLENSK ÚTGÁFA



**We Serve**

mars / apríl 2006

## Boston – Góð heim að sækja



**Hópfærð Lionsfélaga til  
Boston og Harvard**



## Alþjóðaforsæti Lionshreyfingarinnar, Dr. Ashok Mehta.

# Löngun til að stuðla að velvilja þjóða á milli

Hamfarir í líkingu við þær sem átt hafa sér stað að undanfögnu, og skilja eftir sig rústir einar kalla á viðbrögð. Ég er stoltur af því að geta sagt að Lionsfélagar, umdæmi og klúbbar hafa sýnt frábær viðbrögð. Stuðningur þeirra við LCIF sem hefur gert alþjóðahjálparsjóðnum kleift að bregðast við brýnni neyð og stuðla að því að segja blindu stríð á hendur. Þessi verkefni og fjöldi annarra sýna ekki aðeins jákvæð viðbrögð við neyð, þau hjálpa einnig til að stuðla að velvilja þjóða á milli, sem er gundvöllur þessara samtaka.

Fyrsta markmið Lionsklúbba er: „Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims.“ Þetta eru geinargóð fyrirmæli um það, að félagar, sem nú eru starfandi í 197 löndum heims þurfi að taka þátt í því, að stuðla að skilningi og samvinnu þjóða á milli. Menning okkar er mismundandi og sama má segja um tungumál okkar og sögu, en þegar upp er staðið, þá er tungumálið eitt og hið sama þegar kemur að sjálfbodaþjónustu og áhuganum á því að bæta samfélag jarðarbúa. Þessu höfum við unnið að í nær 90 ár og við verðum að halda áfram ef við viljum standa við einkunnarorð okkar „að leggja lið“.

Ég hef upplifað anda alþjóðasamskipta í þeim verkefnum sem Lionsfélagar í fjölmörgum löndum hafa tekið þátt í. Hvort sem um hefur verið að ræða flutning barns frá einu landi til annars til lækninga og bjargað hefur lífi þess, verkefni sem verður til þess að fólk fái sjónina aftur eða útvegum gleraugna, þá færir það heim sönnun um alþjóðlegan anda starfsins sem felst í titli hreyfingarinnar. Ég hef einnig hitt fjölda þjóðhöfðingja og háttsettra embættismanna og þeir hafa ekki nema allt gott um það að segja hvernig Lionsfélagar leggja lið í sínum heimahögum.

Löngun Lionsfélaga til að úbreiða velvilja og einingu meðal fólks um heim allan kemur fram á alþjóðasamkomum okkar og, að sjálfsögðu, á alþjóðþingum. En hér má ekki láta staðar numið. Við skulum aldrei láta landamæri og heimshöf verða til þess að við hikum við að rétta fram

vinarhönd og tryggja að fólk geti búið óttalaust í trausti þess að hjálp muni ávallt látni í té ef hörmungar dynja yfir.

Brennandi metnaður okkar er

sýnilegur á svo mörgum sviðum, ekki síst í því að varðveita velvilja. Minnst orða Kahlil Gibran sem sagði: „Þú gefur ekki mikið þegar þú gefur af eignum þínum. Það er þegar



Dr. Ashok Mehta.

þú gefur af sjálfum þér sem gjöfin er einhvers virði“.

Þannig uppfyllum við löngun okkar til að koma á velvilja þjóða á milli.

## Kristinn Hannesson, verkefnisstjóri CSF II á Íslandi, Lkl. Mosfellsbæjar

# Hvert fara peningarnir

Í síðasta Lionsblaði fjallaði ég um þau verkefni sem framundan eru hjá Lionshreyfingunni í baráttunni gegn blindu. Áður hefur einnig verið fjallað um það sem þegar hefur áunnist.

Þrátt fyrir það hafa Lionsfélagar nú verið að spyrja hvernig hægt sé að treysta því að peningarnir fari í það sem þeir eru ætlaðir. Ég veit svo sem ekki hvernig á að svara því nema með þeim hætti að hver króna sem kemur inn í sjóðinn fer í styrki. Stjórnunar- og rekstrarkostnaður er greiddur af vöxtum. Ég get kannski nefnt annað sem staðfestir að peningarnir fari í það sem þeim er ætlað.

SightFirst er verkfæri Lionshreyfingarinnar í baráttunni gegn blindu og með þessu verkfæri hefur náðst ótrúlegur árangur. Campaign SightFirst er fjáröflunaráttak til styrktar SightFirst. Fyrra fjáröflunaráttak hreyfingarinnar stóð yfir starfsárin 1991–1994 en þá söfnuðust alls 143 milljónir dollara sem með vöxtum urðu að 200 milljónum. Fjáröflunin fór fram úr björtustu vonum og ljóst að hægt yrði að framkvæma meira en reiknað var með í uppafi.

### Væntingar til SightFirst í júlí 1991

- Bæta augnheilsu 75 milljóna
- Koma í veg fyrir sjónskerðingu hjá 8,7 milljónum
- Stofna 150 sjónverndarstöðvar
- Þjálfa meira en 2.500 heilbrigðisstarfsmenn

### Hvað hefur SightFirst gert síðan í júlí 1991?

- Veitt 185 milljónum dollara til 739 verkefna í 88 löndum
- Haft veruleg áhrif á líf hundruð milljóna manna



- Komið í veg fyrir alvarlega sjónskerðingu 24 milljóna
- Útvegað 65 milljón manns með ferð vegna árblindu
- Endurheimt sjón hjá 4,6 milljónum með ský á auga
- Aukið þjónustu vegna augnsjúkdóma fyrir mörg hundruð milljón manns

- Byggt eða endurbætt 207 augnsjúkrahús og augnlæknastofur
  - Endurbætt búnað á 314 sjónverndarstöðvum
  - Þjálfað 83.500 augnlækna, augnhjúkrunarfræðinga, og annað starfsfólk á sviði augnlækninga
  - Hrundið af stað fyrstu herferð sögunnar gegn ungbarnablindu í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina WHO
  - Þrjátíu sjónverndarstöðvar sérhæfðar fyrir augnsjúkdóma ungbarna stofnsettar
- Vegna þessa árangurs er nú litið upp til Lionshreyfingarinnar sem leiðandi afsl í baráttunni gegn óþarfa blindu.

## Jón Gröndal, varaumdæmisstjóri, Lkl. Nirði

# Ferðajöfnunarhappadrætti Lionshreyfingarinnar

## Klúbbum verða boðnir miðar á næstunni

Hið árlega ferðajöfnunarhappadrætti Lions er að fara í gang. Hagnaði er eingöngu varið til að styrkja fámenna klúbba til að sækja umdæmis- og fjöllumdæmisþing.

Þing- og ferðakostnaður er mikill baggi á mörgum klúbbum.

Vinningar eru fjölbreyttir, m.a. tvær utanlandsferðir, hvor að verðmæti 70.000 kr., matur á Kaffi Reykjavík og á Jómfrúnni í Lækjargötu ásamt raftækjum frá Heimilistækjum. Útgefnir eru 1200 miðar og aðeins dregið úr seldum miðum. Miðaverð er 1000 kr. Dregið verður á fjöllumdæmisþingi og númerin birt í Lionsblaðinu.

Í fyrra fengu sjö klúbbar styrki og geta vonandi orðið fleiri í ár.

Miðar verða sendir til formanna klúbba og eru félagar hvattir til að kalla eftir miðunum svo þeir gleymist ekki í fórum formanna.

Þegar félagar kaupa miða skrifa þeir nafn sitt og nafn klúbbs á afriðu sem er afhent skrifstofu og er dregið úr afrifunum.

Tökum saman höndum og stöndum glæsilega að happadrættinu.

Ávinningurinn fer beint til okkar aftur!

**Auðveldum fámennum klúbbum að sækja umdæmisþing.**

Geir Hauksson, fjöllumdæmisstjóri 109

# Fjöllumdæmisfréttir

Þegar ég skrifaði síðasta pistil vorum við að undirbúa ferð okkar á Norðurlandáþingið í Finnlandi. Þarna í Kuusamo var í kaldara lagi eða um 30 stiga frost, en það fór vel um hópinn og þingið gekk mjög vel fyrir sig hjá Finnunum.

## Leiðtogaskólinn

Það kom fram hjá Jan Holtet alþjóðastjórnarmanni að til stæði að fella niður styrkinn frá Oak Brook vegna leiðtogafræðslunnar og er það mjög miður því okkar leiðtogaskóli hefur gengið mjög vel og aðsókn verið góð. Þurfum við því að leggja höfuðið í bleyti og skoða hvað við getum gert í þeim málum.

## Norðurlandáþing 2007

Ég kynnti svo næsta Norðurlandáþing sem haldið verður hér í janúar 2007 og verður næsti fjöllumdæmisstóri okkar í forsvari fyrir fjöllum-



Geir Hauksson.

dæmisstjórum Norðurlanda á næsta starfsári.

## Framboð

Nú er ljóst að báðir umdæmisstjór-

arnir okkar ætla að gefa kost á sér til embættis fjöllumdæmisstjóra svo það er full ástæða til að hvetja félagana til að mæta vel til þingsins á Akranesi. Ég vil hinsvegar benda á að lítið er um framboð í hin embættin sem kosið er um og finnst mér þar skjóta skökku við því yfirleitt er gagnrýnt á þingunum að alltaf sé sama fólkið í yfirstjórninni. Því miður virðist ekki vera mikill áhugi fyrir hendi.

## MedicAlert

Við höfum verið að vinna heilmikið í sambandi við MedicAlert og erfitt hefur verið að meta hvað mikinn hlut Lionsshreyfinginn hefur verið að greiða í launakostnað vegna þess, þar sem það hefur skarast við vinnu vegna Lions. Því höfum við ákveðið aðskilja þetta betur og verður MedicAlert með sér opnunartíma og sér síma á skrifstofu. Þá ætti að vera hægt að sjá hvað hreyfingin greiðir í

launakostnað vegna verkefnisins, en upphafsgjald merkisberanna hefur ekki dugað til þess hingað til. Einnig var samþykkt af stjórn MedicAlert að merkisberar greiddu visst árgjald í framtíðinni en ekki eingöngu upphafsgjald eins og verið hefur. Ég held að okkur þyki öllum MedicAlert vera gott og þarft verkefni og við í Lions erum verndarar þess. Ég er þó á þeirri skoðun að þangað til árgjöld og aðrir mögulegir styrkir standa undir launakostnaði, eigi að greiða þetta úr verkefnasjóðnum og vil ég hvetja klúbbana til að styrkja sjóðinn með framlögum eyrnamerknum MedicAlert. Veit ég að nú þegar hefur einn klúbbur veitt stórt framlag úr sínum verkefna- eða líknarsjóði. Þetta finnst mér eðlilegra heldur en taka þetta af fjöllumdæmisgjöldum klúbbanna.

## Rauð fjöður

Úthlutunarnefnd Rauðufjaðrar söfnunarinnar hefur gengið frá samningum um rekstrarleigu á tveimur bílum til þriggja ára í senn og verða þeir útbúnir til flutninga fyrir fötluð börn. Annar bíllinn verður á Akureyri en hinn í Kópavogi. Nefndin náði mjög góðum samningum hjá bifreiðumboði, fjármögnunarleigu og tryggingarfélagi. Þökkum við störf þeirra. Bifreiðarnar koma bráðlega til landsins og verða afhentir væntanlega með viðhöfn. Það líður óðum á Lionsárið og margt virðist eftir að gera þótt ýmislegt hafi áunnist en þá halda bara aðrir áfram verkinu því það er nú einu sinni svo í Lions að alltaf er nóg af verkefnum og þannig á það að vera því gott er að leggja lið.

## Kveðja til hans Óla okkar Briem.

Hann Ólafur okkar Briem er hættur á skrifstofunni og við eigum öll eftir að sakna hans. Oft hefur maður slegið á þráðinn og þegið góð ráð og upplýsingar, en það kemur samt alltaf að svona tímamótum hjá okkur öllum. En Ólafur ætlar nú samt ekki að kveðja okkur alveg, því hann ætlar að ritstýra blaðinu okkar áfram, vonandi sem lengst. Ólafur hefur um tíðina gegnt öllum helstu embættum hjá okkur í hreyfingunni og er hafsjór af fróðleik varðandi Lions. Við þökkum honum störfina á síðasta fjöllumdæmisráðsfundi og við væntum þess að hann njóti þess að fá meiri tíma heima fyrir. Þakka þér enn og aftur Óli minn.

## Guðmundur Rafnar Valtýsson, umdæmisstjóri 109 A.

# Ávarp flutt á sameiginlegum umdæmisfundum 109 A og B laugardaginn 25. febrúar sl.

Ágætu lionsfélagar.

Það varð samkomulag umdæmisstjóra í A og B að halda sameiginlegan fund umdæmanna. Var það m.a. vegna þess að salurinn á neðri hæðinni var ekki laus og einnig til þess að fulltrúar beggja umdæma gætu mætt á „plús einn“ vinnufund eftir hádegi og það færi ekki nema einn dagur í hvort tveggja. Auk þess er hollt fyrir okkur að heyra fréttir úr hinu umdæminu og á þetta jafnt við um A og B. Við erum jú sama hreyfingin í fremur litlu landi og veitir ekki af stuðningi hvert af öðru.

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með starfi klúbanna í vetur í gegnum heimsóknir til þeirra svo að ég hef nokkuð góða yfirsýn yfir starfsemi klúbbanna í um-



Guðmundur Rafnar Valtýsson

dæminu. Það gleður Lionshjartað að fylgjast með innngöngu nýrra félaga í klúbbana og þar sem hún hefur verið mest er hún 5-7 félagar. En vissulega eigum við að gleðjast yfir hverjum einum sem gengur í hreyfinguna og væntum við því góðs af „plús einn“ vinnufundinum sem haldinn verður síðar í dag.

Það var ánægjulegt að vera þátttakandi í og fylgjast með þegar Lkl. Freyr, A-umdæmi, gerðist Módelklúbbur. Lkl. Njörður, B-umdæmi, hefur líka ákveðið að gera slíkt hið sama. Framtak þessara klúbba verður öðrum klúbbum hvatning til að standa vel að söfnun fyrir SightFirst II verkefnið á næstu árum og markmiðið er göfugt. Margir klúbbar eru í föstum verkefnum sem þeir sinna að sjálfsögðu áfram og hjá þeim verður

SightFirst II söfnunin því væntanlega viðbótarverkefni.

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í embætti fjöllumdæmisstjóra næsta starfsár. Það hefur Valdimar Þorvaldsson umdæmisstjóri 109 B gert líka svo það verður ekki hægt að segja að allt sé ákveðið fyrirfram og sjálfskipað verði í öll embætti á þinginu á Akranesi í vor. Klúbbarnir munu því hafa ærna ástæðu til að senda fulltrúa á þingið vilji þeir einhverju ráða um það hvor skipar það embætti næsta árið.

Hvernig sem kosningar fara er staðreyndin sú að Lionsklúbbar á Íslandi vinna að mörgum góðum verkefnum, nýir félagar eru að ganga til liðs við hreyfinguna og því eigum við að horfa björtum augum til framtíðar.

Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn

# Plús einn vinnufundur

Þann 25. febrúar sl. var haldinn Plús einn vinnufundur. Á hann voru boðaðir allir fulltrúar í báðum umdæmisstjórnunum. Á fundinn mættu 17 fulltrúar af 34 sem þýðir 50% mætingu. Forföll voru af ýmsum toga, m.a. vegna fjölum-dæmisfundar.



Einar Þórðarson

vinnuhópa og unnu þeir að sitt hvoru verkefni, sem eru jú kjarninn í Plús einn verkefni: 1) Hvernig höldum við í félagana og 2) Ný ímynd Lions. Stuðst var við verkefnaálagir nemenda Leiðtogaskóla Lions og er þar af nógu að taka af góðum hugmyndum. Þarna geta klúbbar sótt í góðan hug-

myndasjóð.


Aðalgestur fundarins var Erkki Laine frá Finnlandi en hann er verkefnastjóri Plús 1 á Norðurlöndum. Hann ræddi fjölunarmálin á heimsvísu. Nefndi hann bæði ástæður fækkunar og hvað væri til ráða. Flest lönd í heiminum eru að glíma við sömu vandamál og við en með samhentun átaki getum við styrkt hreyfinguna og gerum það best með því að styrkja klúbbfélagana og verkefni klúbbanna því þetta tvennt er grunnurinn að hreyfingunni.

Þátttakendum var skipt í tvo



Höfundur þessarar greinar talaði einnig um embættisstörf. Þeim fylgir ábyrgð, vinna, skyldur og kröfur, en ef menn setja sér markmið þá uppskera þeir árangur og ánægju. Í fjölum-dæmisráði og umdæmum eru embættismenn með sama málaflokk sem þýðir að oftast vinna þeir embættismenn að sama málaflokki. Hins vegar er það ekki gefið að þeir vinni saman en það er auðvitað æskilegast því einn áorkar litlu en margir saman miklu. Hver um sig þarf að sýna frumkvæði að því að vinna sitt verk en ekki bíða eftir að hann sé beðinn um að taka til starfa, hvort sem hann er í fjölum-dæmisráði eða umdæmisstjórn. Forsendan er auðvitað sú að hann þekki sitt hlutverk strax í byrjun vetrar.

Þetta var góður og skemmtilegur vinnufundur þar sem málin voru rædd á léttu nótunum og þátttakend-



ur deildu bæði vandamálum og góðum hugmyndum. Næstu skrefin eru stöðumat 29. mars og annar vinnufundur 22. apríl þar sem þráðurinn verður tekinn upp aftur. Vonandi sjáum við árangur í lok starfsársins og getum sagt frá góðum árangri á þingunum í byrjun júní.

Með mér að þessu verkefni starfa þeir Ólafur Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar f.h. A-umdæmis og Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði, f.h. B-umdæmis.


*Höfundur er verkefnisstjóri Plús einn í fjölum-dæmi 109.*

## Reikningar alþjóðasamtaka Lions 2004–2005

### The International Association of Lions Clubs Revenue and Expenditures – General Fund Year Ended June 30, 2005 All Figures Shown in U.S. Dollars (thousands)


Revenues were US\$5.8 million more than the prior year, primarily due to the 2004 dues increase and improved investment results.

Revenue 2004-2005	
International Dues	\$ 45,936
Entrance Fees and Charter Fee	3,400
Investment Income	2,559
Additional Convention Revenue	1,278
Other	911
<b>Total</b>	<b>\$ 54,084</b>



Expenses were US\$4.6 million more than prior year due to reinstatement of programs resulting from the adoption of the dues increase amendment.

Expenditures 2004-2005	
International Convention and Meetings	\$ 4,083
The Lion Magazine	8,287
District Governors and District Governors-Elect	7,342
International Officers and Board of Directors	4,062
Liability Insurance	2,500
Club and District Program Support	16,602
International Headquarters	5,242
Uncollected Dues	1,600
<b>Total</b>	<b>\$ 49,718</b>



# Lionsklúbbur Akraness - Lionsklúbburinn Eðna

## 51. fjöllumdæmisþing Lions

### haldið á Akranesi 2. - 3. júní 2006

Þingið verður haldið í Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) dagana 2. og 3. júní 2006. Það er í umsjá Lionsklúbbs Akraness sem fagnar 50 ára afmæli sínu á árinu og Lionsklúbbsins Eðna á Akranesi sem fagnar 25 ára starfsafmæli.

#### Dagskrá þingsins

Drög að dagskrá fylgja hér með ásamt hagnýtum upplýsingum um þingið og þingstörf. Nánari tíma- setningar verða auglýstar síðar.

#### Fimmtudagur 1. júní

Kl. 19:00 - 21:00: Afhending þing- gagna í FVA, við aðalinngang.

#### Föstudagur 2. júní

Afhending þinggagna  
Skólar embættismanna/Morgunkaffi  
Matur  
Skólum framhaldið  
Kaffi  
Umdæmisþing A- og B- umdæma  
Kynningarkvöld

#### Laugardagur 3. júní

Námstefnur/Morgunkaffi  
Skrúðganga  
Setning fjöllumdæmisþings  
Matur  
Fjöllumdæmisþing frh./ Makadagskrá  
Kaffi  
Lionshátíð

#### Skráning

**Nauðsynlegt er að fylla skrá- ningareyðublaðið vandlega út og senda þinghöldurum það sem fyrst, eða í síðasta lagi 1. maí n.k. Sama gildir um kjörbréfið. Þessi eyðublöð liggja til grundvallar öllu skipulagi þingsins.**

Þinggögn hafa nú verið send for- mönnum allra klúbba á landinu á- samt skráningareyðublaði og kjör- bréfi. Einnig má nálgast þinggögnin á vefsíðu Lions, www.lions.is og hægt er einnig að skrá sig rafrænt á þeirri síðu.

Þingnefndin leggur áherslu á að allri skráningu og greiðslu þingjalda

sé lokið í síðasta lagi 1. maí n.k. *All- ar breytingar sem kunna að verða á skráningu þarf að tilkynna þingnefnd.*

#### Upplýsingar um verð

Þinggjald	Kr. 6.000.-
Morgunkaffi	Kr. 600.-
Hádegisverður	Kr. 1.500.-
Síðdegiskaffi	Kr. 600.-
Lionshátíð	Kr. 5.600.-
Kynningarkvöld með léttum veitingum að hætti Skagamanna	Kr. 1000 -1500.-

#### Þinggjald

Þinggjaldið hefur verið ákveðið kr. 6000.- fyrir hvern fulltrúa og skal greiða það sérstaklega inn á reikning þingnefndar, 0186-15-370827, kt. 530586-1469 fyrir 1. maí n.k. Takið fram nafn klúbbs í skýringu með greiðslu. Önnur gjöld, svo sem fyrir mat, kaffi, kynningarkvöld og Lions- hátíð verða innheimt við afhendingu þinggagna. Athugið að þingfulltrúar fá ekki afhent þinggögn séu þing- gjöld ógreidd.

#### Kynningarkvöld

verður haldið í Fjölbrotaskólan- um föstudaginn 2. júní. Boðið verður upp á léttar veitingar að hætti Skaga- manna. Kynningarkvöld eru opin fyrir alla Lionsfélaga og tilgangurinn er að eiga saman skemmtilega kvöld- stund og kynnst hvert öðru! Munið að nauðsynlegt er að skrá þátttöku á kynningarkvöldið. Aðgangseyrir á kynningarkvöldið verður á bilinu 1000-1500 krónur og er hlaðborð af kræsingum innifalið í verðinu.

#### Makadagskrá

Meðan á fjöllumdæmisþinginu stendur, laugardaginn 3. júní, er mökum boðið upp á skemmtilega dagskrá. Skipulagning makadagskrár er í fullum gangi.

#### Lionshátíðin 3. júní

Þinginu lýkur með veglegri Lions- hátíð sem haldin verður í hátíðasal FVA laugardaginn 3. júní. Nú er um að gera fyrir Lionsfélaga að taka

kvöldið frá og fjölmenna á hátíðina sem er ætluð öllu Lionsfólki.

#### Gisting

**Fram til 15. apríl mun Ófeigur Gestsson formaður gistingefndar, sjá um gistibókanir og þeim sem vilja tryggja sér gistingu er bent á að hafa samband við hann sem allra fyrst, s. 892 4383.**

Ljóst er að nálægðin við Reykjavík með tilkomu Hvalfjarðarganganna breytir talsvert hver gistiþörf á stað- um verður og því meiri óvissa en áður. Hér með eru kynntir hvaða kostir eru í boði á Akranesi og ná- grenni og hvaða tímasetningar eru í gildi og verð.

Þeir sem vilja fá gistingu sem kynnt er hér að neðan þurfa að panta og ganga frá greiðslu fyrir 15. apríl nk. Þeir sem ekki hafa gert það, þurfa að leysa sín gistimál á eigin vegum og tilboðin gilda ekki lengur.

#### Gistimöguleikar:

**Tjaldsvæði bæjarins**, heitt vatn, kalt vatn, rafmagnstengingar og að- gangur verður alltaf mögulegur að sundstöðum og þar með sturtu. Verð samkvæmt gjaldskrá tjaldsvæðis. (5 mín. gönguferð á þingstað). Góð að- staða er fyrir fellihýsi og tjaldvagna og tilvalið fyrir Lionsfélaga að slá tvær flugur í einu höggi og skella sér í útilegu á Skagann með fjölskylduna um hvítasunnuhelgina.

**Heimavist FVA.** 2ja manna her- bergi, verð kr. 6500 nóttin með morg- unmat. (Morgunmatur í FVA)

**Íþróttahúsið Jaðarsbökkum.** 5 manna herbergi, WC og sturta í hverju herbergi, kostar kr. 2.500,- pr. mann nóttin. Hægt að fá keyptan morgunverð í FVA, verð kr. 600.-

Nokkrir aðrir gistimöguleikar eru á Akranesi og utan Akraness, nánari upplýsingar um þá hjá Ófeigi í síma 892 4383 .

**Hótel Glymur** skv. gjaldskrá þeirra.

#### Hótel Borgarnes

2ja manna herbergi kr. 9000 pr. sól-

arhring, uppþúið rúm með morgun- mat.

1 manns herbergi kr. 7000 pr. sólar- hring, uppþúið rúm með morgun- mat.

**Hótel Hamar** (Golfhótelíð við Borgarnes)

2ja manna herbergi kr. 12.000 pr. sólarhring, uppþúið rúm með morg- unmat.

#### Ferðir

Strætó gengur nú á milli Akraness og Reykjavíkur alla daga. Hægt er að kynna sér tímatöflu á www.straeto.is Ath. að sama gjald er í strætó til og frá Akranesi og gildir á höfuðborgarsvæð- inu og sömu reglur um skiptimiða.

#### Kjörbréf

Samkvæmt 34. grein laga Lions- umdæmis 109, skal klúbbstjórn fylla út meðfylgjandi kjörbréf og skila með skráningu þingfulltrúa í síðasta lagi 1. maí. Í greininni segir:

Sérhver klúbbur, fullgildur og skuldlaus við alþjóðasambandið og fjöllumdæmi 109, er skyldur að senda að minnsta kosti einn fulltrúa á um- dæmis- og fjöllumdæmisþing og til- nefna jafnmarga til vara.

Hefur hver klúbbur eitt atkvæði fyrir hverja tíu félag, eða meiri hluta þess fjölda eins og félagatalan er skráð í skjölum alþjóðasambands- ins á fyrsta degi síðasta mánaðar á undan þeim mánuði sem þing eru haldin.

Meirihluti sá sem hér er getið að framan telst fimm félagar eða fleiri. Sérhver fullgildur Lionsfélagi, þótt eigi sé hann kjörinn fulltrúi, á rétt á setu á umdæmis- og fjöllumdæmis- þingi sem áheyrnarfulltrúi.

#### Afhending þinggagna

Fimmtudaginn 1. júní verða þing- gögn afhent í Fjölbrotaskóla Vestur- lands á Akranesi frá kl. 19:00-21:00. Þetta er gert til að létta á föstudags- morgninum. Hvetjum við alla þá sem hafa möguleika á að nýta sér það. Þinggögn verða afhent á sama stað á föstudagsmorgni 2. júní kl.



8:00-9:30. Á þessum stöðum verður tekið við greiðslu fyrir þátttöku skv. skráningareyðublaði.

Rétt er að ítreka að séu klúbbar í skuld við alþjóðaskrifstofuna, fjölumdamíð eða að þinggjöld hafi ekki verið greidd, fá fulltrúar þeirra ekki afhent þinggögn.

### Að lokum

Við leggjum ríka áherslu á að klúbbar skili skráningareyðublaðum og kjörbréfum í síðasta lagi 1. maí 2006 og greiði þá jafnframt þinggjöld sín.

Allar nánari upplýsingar fást hjá þingnefnd.

Verið velkomin á 51. Lionsþingið á Akranesi

### Þingnefnd 2006

**Benjamín Jósefsson** formaður,  
s. 861 3951, [benjo@aknet.is](mailto:benjo@aknet.is)  
**Rósa Mýrdal** ritari, s. 864 0739,  
[valgud@aknet.is](mailto:valgud@aknet.is) og  
[rosa.myrdal@sha.is](mailto:rosa.myrdal@sha.is)

**Ásta B. Gísladóttir**, s. 893 6607,  
[stillholt@simnet.is](mailto:stillholt@simnet.is)  
**Ingimar Garðarsson**, s. 866 5940,  
[annasigny@simnet.is](mailto:annasigny@simnet.is)  
**Sólrun Guðleifsdóttir**, s. 864 1522,  
[solrun@skaginn.is](mailto:solrun@skaginn.is)  
**Pórir Bergmundsson**, s. 431 3369,  
[thorirbe@aknet.is](mailto:thorirbe@aknet.is)

# Framboð til embætta

**Framboð hafa borist í eftirtalin embætti sem kosið verður til á fjölumdamisþinginu á Akranesi:**

## Framboð til embættis fjölumdamisstjóra



**Guðmundur Rafnar Valtýsson.**

**Valdimar Þorvaldsson.**

**Tveir hafa boðið sig fram til embættis fjölumdamisstjóra starfsárið 2006-2007. Þetta eru þeir Guðmundur Rafnar Valtýsson, umdamisstjóri í 109A í Lkl. Laugardals og Valdimar Þorvaldsson, umdamisstjóri í 109B í Lkl. Akraness**

**Guðmundur** er fæddur í Miðdal, Laugardal, 13. október 1937. Hann stundaði nám við Kennaraskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan 1959. Guðmundur var skólastjóri við Grunnskólann á Laugarvatni frá 1959 til 1997 og síðan oddviti Laugar-dalshrepps til 2002.

Hann gekk til liðs við Lionsklúbb Laugardals við stofnun hans 1972 og hefur gegnt flestum klúbbembættum, meðal annars verið formaður og svæðisstóri og er það í annað sinn starfsárið 2004-2005

Eiginkona Guðmundar er Ásdís B. Einarsdóttir kennari og eiga þau þrjú uppkomin börn.

**Valdimar** er búsettur á Akranesi, varð búfræðingur frá Hólum 1972 og vélvirki frá Iðnskólanum Akranesi 1976. Eignkona Valdimars er Oddný Erla Valgeirsdóttir, stuðningsfulltrúi, nemandi í kennaradeild HA. Börnin eru fjögur og barnabörnin tólf.

Valdimar er nú umsjónarmaður sormála á Akranesi.

Valdimar gekk í Lionsklúbb Akra-

ness 3. nóvember 1987. Hann var meðstjórnandi 1991-92, ritari 1998-99, formaður 1999-2000 auk þess sem hann hefur verið formaður og nefndarmaður í fjölmörgum nefndum á vegum klúbbs síns.

Valdimar hefur starfað að sveitarstjórnarmálum og verið í fjölmörgum nefndum á vegum Akraneskaupstaðar. Var formaður Sveinafélags málmíðnaðarmanna á Akranesi 1993-1996 og er nú formaður Starfsmannafélags Akraness, situr í stjórn BSRB og einnig í nefndum tengdum Starfsmannafélagi Akraness og BSRB.

## Framboð til embætta varaumdamisstjóra

**Lionsklúbbur Grindavíkur hefur tilnefnt Halldór Jóel Ingvason til embættis vara-umdamisstjóra Lionsumdamemis 109A starfsárið 2006-2007.**

Halldór Jóel Ingvason er fæddur 23.12.1940. Fyrstu 7 ár æfi sinnar ólst hann upp hjá foreldrum sínum að Ketilsstöðum í Hörðudal í Dalasýslu. Á árinu 1947 hættu foreldrar hans búskap og fluttust til Grindavíkur þar sem hann ólst upp.

Eftir nám í barna- og unglingaskóla í Grindavík stundaði hann nám við héraðsskólann að Núpi í Dýrafirði og lauk þaðan landsprófi. Þaðan lá leið



**Halldór Jóel Ingvason.**

hans í Kennaraskólann og síðan í Íþróttakennarskólann.

Eftir kennarapróf 1962 hóf Halldór Jóel kennslu við Barna- og unglingaskólann í Grindavík haustið 1962. Þar kenndi hann samfelt til ársins 1989, lengst af sem yfirkennari, utan eins skólaárs, 1982-1983, er hann stundaði nám við háskólann í Umeå í Svíþjóð.

Haustið 1989 hóf Halldór Jóel störf hjá Grindavíkurbæ sem félagsmálastjóri og gegndi því starfi til 2005 er hann fór á eftirlaun.

Halldór Jóel hefur alla tíð haft mikinn áhuga á félagsmálum. Var í hópi þeirra sem stofnuðu UMFG, Norrænu deildina í Grindavík og Golfklúbb Grindavíkur og var í stjórn þessara félaga um árabil. Hann var einn af stofnfélögum í Lionsklúbbi Grindavíkur sem stofnaður var 1965 og sá eini af þeim sem enn sækir fundi. Þá sat hann í bæjarstjórn Grindavíkur í 11 ár og starfaði jafnframt í ýmsum nefndum fyrir bæinn.

Halldór Jóel er kvæntur Helgu Emilsdóttur og eiga þau einn son, Jón Emil byggingartækni-fræðingur sem er kvæntur Gerði Sigríði Tómasdóttur og eiga þau þrjú syni.

Saman hafa hjónin Halldór og Helga rekið Bókabúð Grindavíkur síðan 1964.

**Lionsklúbbur Patreksfjarðar hefur tilnefnt Halldór Ólaf Þórð-**



**Halldór Ólaf Þórðarson.**

**arson til embættis vara-umdamemisstjóra Lionsumdamemis 109B starfsárið 2006-2007.**

Halldór er fæddur á Barðaströnd þann 11. nóvember 1954 á bæ er nefnist Holt. Hann tók landspróf frá Grunnskóla Patreksfjarðar 1975 og útskrifaðist frá Iðnskóla Patreksfjarðar í húsgagnasmíði 1979. Einnig sat hann leiðtogaskóla Lions árið 2001.

Halldór stundaði almenna verkamannavinnu til sjávar og sveita en aðallega akstur stórra bifreiða og vinnuvéla af ýmsum gerðum. Hann hóf störf hjá vegagerðinni á Patreksfirði sem flokksstjóri haustið 1995 en hætti þar vegna heilsubreysts árið 2003. Halldór er félagi í B.V.S. Blakk og er fulltrúi B.V.S. Blakks í stjórn Björgunarbátasjóðs Vestur Barðastrandarsýslu, gekk í Lionsklúbb Patreksfjarðar í júlí 1999 hefur gegnt nær öllum stjórnunar- og embættisviðum í klúbbum, m.a. verið stallari, ritari og í tvisvar formaður. Þá situr hann í stjórn eigendafélags F.H.P. sem ritari og fulltrúi L.K.P.

Halldór er giftur Sigrúnu Helgadóttur og saman eiga þau tvo syni, þá Þórð Helga og Guðmund Inga.

**Þá hefur Hrund Hjaltadóttir, fræðslustjóri boðið sig fram til endurkjörs í það embætti til þriggja ára og Jón Bjarni Þorsteinsson í embætti alþjóðasamskiptastjóra til tveggja ára.**

## Pórunn Gestsdóttir fráfarandi fjölmæmisstjóri (IPCC)

# Boston

## strengir fortíðar í glæstri nútíð

**Boston í Massachusetts er falleg borg og hún tekur vel á móti ferðamönnum. Evrópubúar finna þar flestir ákveðinn streng sem er í loftinu - strengur fortíðar og sagnir af forfeðrunum frá Evrópu.**

Borgin er ekki stórborg á ameríska vísu - íbúar eru um 750 þúsund - en í nágrenni Boston s.s. í Cambridge

handan við ána Charles eru þekkt menntasetur s.s. MIT og Harvard háskólarnir og fjöldi annarra menntastofnana. Árlega dvelja þar um 250 þúsund nemendur. Ferðamenn sækja borgina heim og eru þeir sem hópur um tólf milljónir manna.

Það er úr mörgu að velja þegar lagt er upp í ferð um Boston. Af reynslu er hægt að mæla með gönguferð meðfram Charles ánni, eða rölti í gördunum, setjast á bekk og virða fyrir sér mannlífið. Boston Common garðurinn á djúpar rætur í hugum heimamanna enda eru þær frá árinu 1634. Íbúar og ferðalangar hafa notið umhverfisins í aldanna rás. Sumir leggja í siglingu á svanabátum, aðrir kjósa góða grasflöt, með nesti og góða bók í hönd.

Ferðalangur í Boston hefur í mörg horn að líta. Söfn og fjölbreytt menning laða margan ferðamanninn til staðarins. Markaðir, stórverslanir og áhugaverðar sérverslanir, veitingastaðir, leikhús og tónleikar utan dyra sem og í stórum sölum.

Víst er að úr mörgu er að velja í þessari borg og ekki skal gleyma að nefna íþróttir, Boston Red Sox, Boston Celtics eða Boston Bruins eru meðal þekktara íþróttaliða.



**Pórunn Gestsdóttir.**

Beacon Hill og Beacon stræti eru nöfn sem oft hljóma í þessari borg. Beaconhæðin er sérstakur hluti borgarinnar - afmarkast af Cambridge stræti í norðri og Beacon stræti í suðri. Charles áin afmarkar hæðahverfið í vestri og í austri er Bowdoin varðan sem afmarkar. Fallett íbúðahverfi er á hæðinni og

þar hafa margir frægir látnir og lifandi gert sér fast hreiður.

Beacon strætið liggur um miðbæinn frá austri til vesturs. Sá er gengur eftir stræti þessu kemst að mörgu um borgina enda er vegurinn samkvæmt beinni þýðingu sem leiðarljós um borgina - þetta langa stræti er góður ljóskastari fyrir ókunnuga ferðamenn í borginni.

Af gönguleiðum er mælt með að byrja á punkti eitt, Það er við Greater Boston Convention and Visitors' Bureau við Tremontgötu í nágrenni Boston Common sem áður er nefnt. Ágætt er að hafa kort við höndina þegar lagt er upp í gönguferð þessa og það fæst á staðnum sem áður er nefndur við Tremontgötu og er númer 1 á kortinu. Tremont er leikhúshverfi borgarinnar.

Freedom Trail er gönguferð um fortíðina (2.5 mílur) - sú gönguferð hefst við Boston Common garðinn góða. Við upphaf ferðar er State House, merkilegt hús og merkilegir menn s.s. Paul Revere og Samuel Adams sem lögðu hornsteinin að því húsi einu elsta hús Boston.

Margar fornar vörður taka svo við á göngunni og afrakstur forfeðranna verður skýr og nánast ljóslifandi.

Menningarborg er Boston með djúpar rætur og hún er af heimamönnum sjálfum metin sem heimsborg. Hún hefur flest það sem borgir með þann stimpil þurfa - aragrúa af söfnum, góðum veitingastöðum og verslunum.

Sú flóran sem birtist í verslunum er vissulega á heimsborgaramælikvarða.

Einn elsti markaður borgarinnar er Quincy Market í Back Bay bæjarhlutanum - þar eru m.a. söluborð með varning á hagstæðu verði (s.n. outlet).

Faneuil Hall þekktur og forn staður þar sem ræðumenn hafa þrumað yfir landslýð og gestum í gegnum



**Quincy Market í hjarta Boston.**

aldur. FH er rétt við markaðinn og höfnina.

Union Oyster House er sá veitingastaðurinn í borginni sem hefur síðan 1826 haft góða matsveina, sem að sjálfsögðu hafa komið og farið, en allir hafa þeir soðið og steikt dýrindis rétti fyrir gesti og gangandi, Undirrituð getur aðeins staðfest eftir stutt innlit í Union Oyster House að þar var ilmurinn indæll og hafði áhrif á bragðlaukana en ekki gafst tími til að staðreyna boðskap laukanna.

En hvað matarmenningu varðar er flóran fjölbreytt og við flestra hæfi.

Þá má nefna annan menningaranga sem eru söfnin, leikhús, kvikmyndahús og mörg önnur hús s.s. Poul Revere húsið sem talið er elsta hús borgarinnar. Áhugi á söfnum fer eftir áhugasviði hvers og eins. Grein-

arhöfundur getur af eigin reynslu hrósað safninu sem byggt var í minningu John F. Kennedy frv. Bandaríkjaforseta.

Af öðrum toga og þó skylt efni er yfirlætislaust íbúarhús við Beals Street nr 83 (rétt við Beacon Street sem er reyndar mjög löng gata eins og áður hefur komið fram).

Í þessu húsi fæddist forsetinn fyrrverandi. Móðir JFK - Rose Kennedy hafði hönd í bagga með húsgögn og leikföng barna hennar sem öll undu sér vel í þessu húsi. Ferðamenn fá leiðsögn um húsið sem unnin var af Rose forsetamóður. Hún segir frá hógum fjölskyldunnar þau ár sem þetta notalega hús var heimili þeirra.

Isabella Stewart Gardner er lítið safn en skemmtilegt og forvitnilegur vitnisburður um lífstíl.

Víst er að vandi er úr að velja þegar framboðið á lista- og menningar sviðinu er spennandi og fjölbreytt.

Newbury Street er fyrir Bostonbúa á við Fimmtu breiðgötu New York borgar - glæstur varningur í víðeigandi húsakynnum. Við Newbury strætið er að finna aragrúa verslana og veitingastaða og er einn þeirra Staupasteinn (Cheers) sem við þekkjum mörg af sjónvarpsþáttum frá síðustu öld.

Staupasteinn er tvíefldur í Bostonþví „vinstúkurnar“ með þessu nafni eru tvær í borginni en hvorug þeirra líkist þeirri sem við kynntumst af skjánum.

Höfnin í Boston - Inner Harbor er vinsæl. Þar sem Atlantshafið leikur við báta, skip og fólk. Þar má á fögrum sumardögum sjá ferjur, seglbáta og farþegaskip á floti á misjöfnum hraða. Ferðamenn sem koma til Boston flugleiðis og lenda á Logonflugvelli aka eftir landtöku um hafnar svæðið að hluta og yfir brýr inn í borgina.

Stutt eða knöpp er myndin sem reynt er að bregða upp af Boston með þeim orðum sem hér hafa verið sett á blað.

Við þekkjum það flest að þegar úrvalið er mikið og gott og alsnægtir blasa við, er val um nokkra mola erfitt. Við birtum með þessum greinarstúf tvær myndir - og við vitum að ein mynd getur verið á við þúsund orð.



**Garðar og fallegur gróður einkennir miðborg Boston.**



# LCI - alþjóðafing

## áhugaverð samkoma fyrir samherja

**Dagana frá 30. júní til 4. júlí fer fram árlegt alþjóðafing -LCI og verður það haldið í Boston, Massachusetts (USA).**

Lionsfélagar sem erindi eiga vegna embætta mæta nokkrum dögum fyrr og sitja sumir á skólabeck nokkra daga fyrir þingið.

Fjöldi Lionsfélaga úr heimssamfélaginu á alþjóðafinginu er frá 13 til 15 þúsund félagar hvert ár. Fyrir félaga í þessari hreyfingu er áhugavert, fróðlegt og mjög skemmtilegt að kynnast þeim verkum og andrúmi sem ríkir á slíkum þingum. Einn íslenskur Lionsfélagi sagði við heimkomu eftir för á alþjóðafing fyrir nokkrum árum:

„Þetta var stórkostleg upplifun - og ég er núna fyrst orðinn LIONSFÉLAGI !!!“

Lions á Íslandi sendir a.m.k. þrjá til fimm embættismenn á ári hverju á þing og koma þeir yfirleitt „upp-ljómaðir“ til baka.

Núna, árið 2006 með alþjóðafingið í Boston, hefur sú hugmynd sprottið fram og hent á loft að áhugavert væri að efna til hópferðar á alþjóðafingið.

Þegar sú staðreynd varð kunn, að heiðursgestur þingsins og aðalræðumaður verður háttvirtur forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, fékk hugmyndin byr undir báða vængi. Fyrir íslenska Lionsfélagi og þjóðina alla er þetta mikill heiður.

Lionsfélagar hafa aðgang að þinginu og ýmsum viðburðum sem í boði verða. Eitt kvöldið koma viðstaddir Lionsfélagar frá Norðurlöndum saman til kvöldverðar og skemmtunar. Einn morgun mæta Lionsmenn frá öllum heimshornum (líklega hverju Lionslandi) í skrudgöngu sem verður bæði Lionsfólki sem og íbúum Boston til mikillar ánægju.

Fræðsla um Lionsmál er fjölbreytt á þinginu og skemmtikraftar sýna sínar bestu hliðar í tali og tónum svo



Ólafur Ragnar Grímsson.

dæmi séu tekin. Þeir sem bera Melvin Jones merki geta snætt hádegisverð einn daginn í hópi „samherja“

Ferðalagið er ekki of langt því

beint flug er á milli Keflavíkur og Boston. Og möguleiki fyrir áhugasama að fara aðra leiðina t.d. heimferðina í gegnum New York.

Flugferðin Boston -New York kostar ca \$100. Þá má benda á Kinarútuna fyrir þá sem hafa áhuga á að fara til New York. Kostnaður er \$15 - ef ekið er frá Chinatown í Boston til Chinatown í New York - líklega skemmtileg ökuferð sem tekur um fimm klukkustundir.

Svo sem kemur fram í bréfi er sent var til formanna Lionsklúbba á Íslandi - liggur kostnaður ekki endanlega fyrir. Fargjald fyrir hvern einstakling gæti verið á milli 55-60 þúsund krónur. Gisting í tveggja manna herbergi er frá 120-200 dollarar pr. nótt. Þinggjald er 80 dollarar pr. einstakling fyrir þá sem vilja hafa aðgang að viðburðum á alþjóðafinginu.

Það er stór þáttur ferðalagsins að „upplifa“ slíkt þing.

Bréf um ferðina var sent til formanna klubbanna og hefur vonandi verið kynnt í öllum klúbbum.

En hafi erindið farið framhjá einhverjum er bréfið birt hér einnig. Í bréfinu eru símanúmer og hægt að leita frekari upplýsinga símleiðis og/eða tilkynna þátttöku.

Tíminn liður hratt og væri æskilegt að fá viðbrögð sem fyrst.

# Harvard

## einstakur lærdómur í andrúminu

**Charles River skilur að Boston í Massachusetts og Harvard í Cambridge en brýr tengja staðina sem oft eru nefndir í sömu andrá.**

Harvardháskólinn í Cambridge er með þekktustu skólum í heimi ásamt MIT háskólanum á sama stað.

Lærdómur drýpur af hverju strái í þessu umhverfi.

Með heitt kaffi í bollanum á Harvardtorginu - er hressandi að teygja í sig andrúmið. Þar ræða spekingar um aðra spekinga, menn njóta matar og drykkja, njóta umræðunnar og veðurbliðunnar.

Þegar maður situr við gnægta-brunninn er vandi að velja.

Til að ná festu, þarf að ræða málin, rökræða að einhverju viti og ná skynsamlegri niðurstöðu.

Hvar skal hefja för í Harvard? Jú, á torginu með kaffi í bolla, hlusta, anda og njóta. Glæstar byggingar og söfn blasa við. Það liggur við að göngulag heimamanna sé annað en ferðalanganna sem skera sig úr mannþrónginni.

Á góðum degi koma tónlistarmenn á torgið og miðla til þakklátra. Hér

leita menn eftir gæðum lífsins og margir telja sig hafa fundið þau, nákvæmlega hér er nægtabrunnurinn sagði einhver. Ekki man ég hver.

Þeir sem sækja Harvard heim - finna og sjá ýmislegt.

Ég drakk úr kaffibollanum, naut augnabliksins og varð dálítið upphafin um stund. Skoðaði bókasafn eftir kaffið. Hlustað á tónlist eftir bókasafnið.

Stund í Harvard var að renna sitt skeið.

- En þá er rétt að nefna annan stað og aðra stund í Cambridge - einn stærsta sölumarkað (outlet) á svæðinu (Cambridge og Massachusetts) sem er rétt hjá MIT-háskólanum og þar gera menn góð kaup.

Í Boston og Harvard er gott að vera ferðamaður, fjölbreytt flóran er við flestra hæfi. Margt er ósagt um Boston og Harvard s.s. mannlífið í miðbæ Boston og Tiffany's gluggarnir í kirkjunni rétt við bókasafnið .... Prudential Center og John Hancock turninn... hér á best við - sjón er sögu ríkari.



## LIONSHREYFINGIN Á ÍSLANDI

Reykjavík 1. mars 2006

### Bréf til formanna Lionsklúbba á Íslandi

Á síðasta fjölumdamisráðsfundi sem haldinn var laugardaginn 25. febrúar sl. í Lionsheimilinu við Sóltún kynnti undirrituð fyrirhugaða hópferð til Boston.

Alþjóðafing Lions Clubs International fer fram í Boston dagana 27. júní nk. til 4. júlí. Einn aðalræðumaður þingsins verður forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson. Hugmynd um að efna til hópferðar á alþjóðafing Lions að þessu sinni er m.a. staðsetning þingsins og sérstakur gestafyrirlesari -forseti vor.

Beint flug er frá Íslandi til Boston og í þessari borg er margt fróðlegt og skemmtilegt að skoða og njóta. Á þinginu sjálfu er mikið um að vera og margt af því forvitnilegt, einnig verða skipulagðar ferðir um Boston og nágrenni sem þróast eftir áhuga ferðalanganna.

Kostnaður liggur ekki fyrir endanlega enda skiptir þátttakan s.s. fjöldi einstaklinga máli. Hægt er að gefa upp lauslega áætlun um kostnað en ekki endanlega tölur: Fargjald til og frá Boston er ca. 55 þúsund kr. per mann; Einn valkostur er að fljúga heim í gegnum New York og kostar leggurinn frá Boston til New York \$100 pr. mann.

Gisting: Tveggja manna herbergi er frá \$ 120 pr.nótt til \$ 200.

Þinggjald er \$80 pr.mann.

Þegar hafa komið fyrirspurnir um ferðina frá áhugasömu Lionsfólki og væntum við þess að ná góðum hópi ca. 25 manns (eða fleirum) í þessa ferð.

Með Lionskveðju  
Þórunn Gestsdóttir  
fyrirhugaður Boston-fararstjóri

thorunn@ruv.is ; GSM: 898 6074; Vs. 515 3781; Hs. 586 2908;

## UMDÆMISSTJÓRN 109A 2005-2006

Umdæmisstjóri	Guðmundur Rafnar Valtýsson, Lkl. Laugardals
Varaumdæmisstjóri	Björgúlfur Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Umdæmisritari	Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu
Umdæmisgjaldkeri	Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Svæðisstjóri á svæði 1	Sigurður Þorgeirsson, Lkl. Seyðisfjarðar
Svæðisstjóri á svæði 2	Sigurður Þorgeirsson, Lkl. Seyðisfjarðar
Svæðisstjóri á svæði 3	Þorsteinn Matthías Kristinsson, Lkl. Fylki
Svæðisstjóri á svæði 4	Guðmunda Auðunsdóttir, Lkl. Emblu
Svæðisstjóri á svæði 5	Anna Hulda Friðriksdóttir, Lkl. Æsu
Svæðisstjóri á svæði 6	Lilja Hallgrímsdóttir, Lkl. Eik
Svæðisstjóri á svæði 7	Egill Skúli Ingibergsson, Lkl. Fjölmi
Svæðisstjóri á svæði 8	Pétur Sveinsson, Lkl. Kópavogs
Alþjóðasamskiptafulltrúi	Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni
Félaga og Mission 30-fulltrúi	Ólafur Á.Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Félaganefndarfulltrúi	Þorsteinn Matthías Kristinsson, Lkl. Fylki
Fræðslufulltrúi	Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá
Lions Questfulltrúi	Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá
Heilbrigðisfulltrúi	Gylfi Haraldsson, Lkl. Geysi
SightFirstfulltrúi	Gylfi Haraldsson, Lkl. Geysi
Kynningarfulltrúi	Ólafur Á.Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Menningarfulltrúi	Guðrún Guðmundsdóttir, Lkl. Æsu
LCIF fulltrúi	Lilja Hallgrímsdóttir, Lkl. Eik
Unglinga og barnafulltrúi	Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Umhverfisfulltrúi	Gísli Þór Gíslason, Lkl. Hafnarfjarðar

## UMDÆMISSTJÓRN 109B 2005-2006

Umdæmisstjóri	Valdimar Þorvaldsson, Lkl. Akraness
Varaumdæmisstjóri	Jón Gröndal, Lkl. Nirði
Umdæmisritari	Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness
Umdæmisgjaldkeri	Jón Gröndal, Lkl. Nirði
Svæðisstjóri á svæði 1	Magnús Jón Árnason, Lkl. Nirði,
Svæðisstjóri á svæði 2	Valdimar Jónsson, Lkl. Tý
Svæðisstjóri á svæði 3	Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness
Svæðisstjóri á svæði 4	Unnur Valdimarsdóttir, Lkl. Hörpu
Svæðisstjóri á svæði 5	Jón F. Einarsson, Lkl. Bolungarvíkur
Svæðisstjóri á svæði 6	Gunnlaugur Tóbiasson, Lkl. Skagafjarðar
Svæðisstjóri á svæði 7	Héðinn Jónasson, Lkl. Akureyrar
Svæðisstjóri á svæði 8	Héðinn Jónasson, Lkl. Akureyrar
Alþjóðasamskiptafulltrúi	Magnús Steingrímsson, Lkl. Vála
Félagfulltrúi	Helgi Sigurbjartsson, Lkl. Fjörgyn
Félaganefndarfulltrúi	Hörður Þór Hjálmarsson, Lkl. Siglufjarðar
Heilbrigðisfulltrúi	Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar
SightFirst fulltrúi	Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar
Kynningar og útbreiðslufulltrúi	Guðmundur Finnbogason, Lkl. Skagastrandar
Lions Quest fulltrúi	Anna K. Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold
MedicAlert og LCIF fulltrúi	Þórir Bergmundsson, Lkl. Akraness
Menningar og fræðslufulltrúi	Jósef H. Þorgeirsson, Lkl. Akraness
Umhverfisfulltrúi	Vigfús Halldórsson, Lkl. Nirði
Unglingamálafulltrúi	Haraldur Þ. Jóhannsson, Lkl. Höfða

## FUNDARTÍMAR LIONSKLÚBBBA Í 109 B 2005-2006?

1B	Lkl. Baldur Lkl. Engey Lkl. Njóður Lkl. Úlfar Lkl. Váli	3 fim. 2 og 4 mán. 1 mið. 1 fim. 2 og 4 þri.	18.00 19.30 18.00 18.30 20.00	Kaffi Reykjavík Lionsheimilið við Söltún Kaffi Reykjavík Holtakráin, Grafarholti Grenssáskirkju, Reykjavík
2B	Lkl. Fjörgyn Lkl. Fold Lkl. Mosfellsbæjar Lkl. Týr	2 og 4 fim. 1 og 3 mán. 2 og 4 fim. 2 og 4 mið.	19.00 19.00 19.00 18.45	Lionsalur Grafarvogskirkju Lionsheimilið við Söltún Félagshemilið Hlégarður Versalir við Hallveigarstíg
3B	Lkl. Agla Lkl. Akraness Lkl. Borgarness Lkl. Eðna, Akranesi	1 þri. 1 og 3 þri. 2 og 4 þri. 2 þri.	19.30 19.00 19.30 19.30	Hótel Borgarnes Lionshúsið, Suðurgötu 108 Gölfhótelinu við Borgarnes Lionshúsið, Suðurgötu 108
4B	Lkl. Búðardals Lkl. Búðardals, Reykhólaeild Lkl. Grundarfjarðar Lkl. Harpa Lkl. Stykkishólms Lkl. Nespinga Lkl. Þernan Lkl. Ólafsvíkur Lkl. Rán	1 og 3 fim. 1 þri. 4 mið. 1 fim. 2 og 4 fim. 1 og 3 þri. 2. mið. 2 og 4 sun. 2 og 4 fim.	20.30 20.30 20.00 20.00 20.30 21.00 20.00 20.30 20.30	Rauðakrosshúsið Reykholaskóla Hótel Framnes Lionshúsið, Stykkishólmi Lionshúsið, Stykkishólmi Félagshemilið Röst Félagshemilið Röst Safnaðarheimilið Félagshemilið Klif
5B	Lkl. Bolungarvíkur Lkl. Ísafjarðar Lkl. Patreksfjarðar Lkl. Ónundarfjarðar	2 og 4 mið. 2 og 4 þri. 1 og 3 lau. 2 og 4 mið.	19.30 19.30 10.00 21.00	Finnabær Hótel Ísafjarður Félagshemili Patreksfjarðar Lionsheimilið, Flateyri
6B	Lkl. Bjarmi Lkl. Björk Lkl. Blönduóss Lkl. Hólmavíkur Lkl. Höfði, Hofsósi Lkl. Sauðárkróks Lkl. Siglufjarðar Lkl. Skagafjarðar Lkl. Skagastrandar	2 og 4 mið. 1 mið. 2 og 4 þri. 2 mið. 1 og 3 þri. 1 og 3 mið. 1 og 3 fös. 1 og 3 mið. 2 mið.	20.30 20.00 20.30 19.30 21.00 19.30 19.00 21.00 20.00	Lionsalurinn, Hafnarbr. 2, Hvammst. Cest la Vic, Sauðárkróki Húnaþraut 13 Hús kvenfélagsins Félagshemilið Höfðaborg Krókurinn Lionshúsið, Suðurgötu 6 Löngumýri, Varmahlíð Fellsborg
7B	Lkl. Akureyrar Lkl. Dalvíkur Hrærekur Hængur Sunna Viðaðsgjafi Ósp	2 og 4 fim. 1 og 3 fim. 1 mið. 1 og 3 fim. 2 þri. 2 og 4 þri. 2 fim.	19.30 21.00 20.00 19.00 20.00 20.30 19.30	Spítalavegur 11A Dalvíkurkirkja Árskógssandur Skipagata 14, 4. hæð Dalvíkurkirkja Hrafnagilsskóli Hótel KEA
8B	Fontur, Þórshöfn Húsavíkur Þengill	1 og 3 lau. 1 og 3 fim. 1 og 3 mið.	20.30 19.00 21.00	Félagshemilið Þórsver Lionsheimilið Bakki Gemivíkurskóli

## FUNDARTÍMAR LIONSKLÚBBBA Í 109 A 2005-2006?

1A	Lkl. Eskifjarðar Lkl. Múli Lkl. Seyðisfjarðar	1 og 3 mið. 1 og 3 fim. 1 og 3 fim.	19.30 20.30 19.00	Slysavarnahúsið Hótel Hérad Óldutún, Félagsh.aldræðra
2A	Lkl. Djúpvogs Lkl. Svanur Lkl. Fáskrúðsfjarðar	1 og 3 mán. 1 og 3 fim. 2 og 4 þri.	21.00 20.30 20.00	Hótel Framið Nesbú, slysavarnarhúsið Hótel Bjarg
3A	Lkl. Fylkir Lkl. Hornafjarðar Lkl. Kolgríma Lkl. Skygginn Lkl. Suðri	1 mið. 2 og 4 mið 1 mán. 2 og 4 mán 2 og 4 mán	21.00 19.30 20.00 20.30 20.30	Hótel Kirkjubæjarklaustur Pakkhúsinu Hótel Höfn Hellubíó Ströndin í Víkurskála, Vík
4A	Lkl. Embla Lkl. Geysir Lkl. Hveragerðis Lkl. Laugardals Lkl. Selfoss Lkl. Vestmannaeyja Lkl. Þorlákshafnar	2 og 4 þri. 1 og 3 mið. 2 og 4 mán. 2 og 4 fim. 1 og 3 mán. 2 og 4 mán. 2 og 4 mið.	21.00 21.00 19.30 20.30 19.30 20.30 20.30	Pakkhúsið Félagshemilið Aratunga Hótel Örk Barnaskólinn á Laugarvatni Gesthús, Engjavegi 84 Arnardrangur, Heiðarvegi 7 Egilsbraut 9
5A	Lkl. Garður Lkl. Grindavíkur Lkl. Keilir Lkl. Keflavíkur Lkl. Keflavíkur Lkl. Njarðvíkur Lkl. Sandgerðis Lkl. Æsa	2 og 4 mið. 1 og 3 fim. 1 og 3 mið. 2 þri. 2 og 4 mið. 1 og 3 mið. 2 og 4 þri. 1 og 3 þri.	20.30 19.30 20.30 19.30 19.00 19.00 19.00 18.30	Lionshúsið, Efra-Sandgerði Salthúsið við Stambólsvæg Lionsheimilið, Sólvolum, Flughótel, Keflavík Flughótel, Keflavík Hólagötu 15 Lionshúsið, Efra-Sandgerði Flughótel, Keflavík
6A	Lkl. Álftanes Lkl. Ásbjörn Lkl. Eik Lkl. Garðabæjar Lkl. Hafnarfjarðar Lkl. Kaldá	1 og 3 fim. 1 og 3 fim. 3 þri. 2 og 4 þri. 2 og 4 fim. 2 þri.	19.00 19.15 19.00 19.30 19.00 19.00	Íþróttahús Álftanes Gaffinn, Hafnarfirði Garðabergi, Garðabæ Vidalínskirkja, Garðabæ Haukaheimilinu, Hafnarfirði Gaffinn, Hafnarfirði
7A	Lkl. Ægir Lkl. Freyr Lkl. Fjölmi Lkl. Eir Lkl. Reykjavíkur	2 og 4 mið. 1 og 3 mán. 2 og 4 þri. 1 mán. 3 fim.	18.30 18.45 18.30 19.00 19.00	Sundaborg Sunnusal Hótel Sögu, Lionsheimilið við Söltún Lionsheimilið við Söltún Versalir við Hallveigarstíg
8A	Lkl. Kópavogs Lkl. Muninn Lkl. Seltjarnarness Lkl. Viðarr Lkl. Ýr Lkl. Þór	2 og 4 mið. 1 og 3 mið. 2 og 4 þri. 1 og 3 mið. 2 og 4 mán. 1 og 3 þri.	19.00 19.15 19.00 19.00 19.15 19.00	Lundur, Auðbrekku 23 Lundur, Auðbrekku 23 Félagshemilið, Seltjarnarnesi Lionsheimilið við Söltún Lundur, Auðbrekku 23 Lionsheimilið við Söltún

**Athugasemd:** Upplýsingar þær um fundartíma sem hér eru birtar eru með fyrirvara þar sem sumir klúbbar breyta stundum fundarastað og tíma fyrirvararlaust.

# Kristiana Kristjánsdóttir, samskiptafultrúi, Lkl. Eik Eik leggur lið í heimahögum

Einkunnarorð Lionshreyfingarinnar sem við vinnum mikið eftir er: **VIÐ LEGGJUM LIÐ**, og þá helst í okkar eigin bæjarfélagi. Því vil ég segja frá einstökum verkefnum sem við höfum tekið okkur fyrir á þessari haustönn.

## Viðurkenningar

Fyrst vil ég þó nefna að Guðbjörgu Ó. Bjarnadóttur var veitt Melvin Jones viðurkenning fyrir óeigingjörn störf sín innan Lkl. Eikar. Guðbjörg er vel að þessari viðurkenningu komin. Þessi viðurkenning er sú æðsta sem veitt er, en Melvin Jones var upphafsmaður og stofnandi Lionshreyfingarinnar. Einnig fengu Auður Jóhannesdóttir og Lilja Hallgrímsdóttir viðurkenningu frá Alþjóða-Lionsskrifstofunni fyrir að fjölga félögum í Lionshreyfingunni.

## Samhugur með öldruðum

Okkar fyrsta verkefni var að afhenda starfi eldri borgara í Garðabergi 3 felliborð að gjöf. Það var vit að að borð þarna voru af skornum skammti og borðin hafa síðan komið að góðum notum. Spurning er hvort ekki mætti hafa borðin fleiri, svo hver veit nema að af því verði.

Lionsfélagar í Eik hafa um árabíl heimsótt Holtsbúð, sem er vistheimili aldraðra í Garðabæ, einu sinni fyrir áramót og síðan aftur að vori. Nú á aðventu fjölmenntum við nokkrar með það í huga að eiga með þeim góða stund.

Var heimilinu afhentur aðventukrans og Álfheiður, sem er vistmaður þar, ásamt tveimur leikskólabornum, kveiktu á fyrsta kertinu. Börn úr leikskólanum Bæjarbóli í umsjá Ernu Aradóttur, Lionsfélaga, komu og sungu fyrir gesti. Það leyndi sér ekki að börnin áttu athygli allra sem á hlustuðu.

Lilja Hallgrímsdóttir sagði síðan frá heiti adventukertanna og merkingu þeirra. Þar á eftir var boðið upp á kaffihlaðborð sem var vel þegið af þeim nærri 70 heimilismönnum, gestum okkar. Það var gaman og gefandi að koma og vera með fólkinu þarna þessa stund og spurning hvor er þakklátari á eftir, við eða heimilisfólkið.

## Brunaverðir heimilanna

Lionsklúbburinn Eik hefur gefið út litabókina um Brunavarnir heimilanna og boðið til sölu til Lionsklubbanna hér á landi. Bókin er ætluð til að kynna brunahættu og



Umdæmisstjóri 109A, Guðmundur Valtýsson og formaður klúbbsins Steinunn Jóhannesdóttir

hvernig má varast eldinn. Nú, eins og áður, var farið í grunnskólana í Garðabæ, Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjalandskóla og Hjallastefnuskólann á Vífilstöðum. Öllum 2. bekkingum voru afhent samtals 130 eintök af litabókinni. Lionsklúbbur um allt land hafa keypt af okkur litabækur til að afhenda börnum í grunnskól-

um viðkomandi bæjarfélaga. Það er stefna okkar með litabókinni að gera börnin að brunavörðum heimilanna, með forvarnarstarf í huga.

## Fuglafræðsla

Einnig höfum við um árin fært Flataskóla og Hofstaðaskóla uppstoppaða fugla. Nú hefur Lionsklúbb-

urinn. Eik keypt 6 fugla í viðbót og mun hvorum skóla verða færðir 3 fuglar ásamt eggjum.

## Unglingaskipti

Þetta árið er það í höndum okkar Lionsklúbbs að tilnefna skiptinema héðan og Elísa Arnarsdóttir sem stundar nám í Fjölbraut Garðabæjar mun fara á okkar vegum. Einnig munum við taka þátt sem hluti af svæði 6, að sinna þeim ca 14-16 skiptinimum sem verða hér dagana 14.-28. júlí. Í okkar hlut kemur að sjá um dagskrá og ferð fyrir hópinn 18. júlí sem við erum að undirbúa af fullum krafti og vonumst til að takist vel.

Með þessu er upptalið aðeins það helsta úr starfi okkar það sem af er á þessu starfsári og enn eigum við eftir ýmislegt ógert. Þá er einnig lagt nokkuð í innra starfið og að okkur líði vel saman. Fundirnir eru léttir og skemmtilegir og um leið alvarlegir þegar við á.

# Guðmundur Helgi Gunnarsson, formaður Lkl. Fjörgyn Fjörgyn styður Bugl

Lionsklúbburinn Fjörgyn stóð fyrir stórtónleikum í Grafarvogskirkju þann 10. nóvember 2005 til styrktar Barna- og unglinga-geðdeild LHS. Eftirtaldir listamenn komu fram á tónleikunum og gáfu vinnu sína:

Bergur Pálsson, Egill Ólafsson, Felix Bergsson, Helgi Björnsson, Hörður Torfason, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Jón Jósep Snæbjörnsson (Jónsi), Jónas Þórir, KK og Ellen Kristjánsdóttir, Óskar Pétursson, Ragnar Bjarnason, Ragnheiður Gröndal, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Þorgeir Ástvaldsson, Þórunn Lárusdóttir og Lögreglukórinn.

Auk þess veittu ýmis fyrirtæki verkefninu lið með beinum fjárstuðningi, ókeypis þjónustu eða venjulegum afslætti af þjónustu sinni. Þessi fyrirtæki eru:

Intrum-Justitia, Íslandsbanki, VISA, Litróf-Hagprent, Morgunblaðið, Olíufélag Íslands (Esso), Olíuverslun Íslands (Olís) og Ríkisútvarpið.

Alls safnaðist á stórtónleikunum kr. 1.433.574.00.

Lionsklúbburinn Fjörgyn hefur alls haldið þrenna stórtónleika til styrktar BUGL og nemur söfnunarféð nú kr. 3.754.547



Afhending Fjörgynjarfélaga 3. mars 2006 á söfnunarfé frá stórtónleikum í nóv. 2005. Fremst eru Guðmundur H. Gunnarsson, formaður Fjörgynjar og Ólafur Guðmundsson yfirlæknir BUGL. Fyrir aftan þá eru Einar Þórðarson, Hreinn Ólafsson, Linda Kristmundsdóttir, deildarstjóri göngudeildar og Jens W. Ísleifsson. Aftast eru Gestur Már Þórarinnsson Helgi Sigurbjartsson, Vigfús Þór Árnason og Gísli Jónsson.

## Áskorun til allra Lionsklúbba á Íslandi

Á fundi í Lionsklúbbum Fjörgyn 13. október sl. var samþykkt einróma að Lkl. Fjörgyn gefi 50.000,00 kr. í Verkefnasjóð Fjölmundemis 109. Félagar í Fjörgyn vilja eindregið hvetja aðra Lionsklúbba í landinu til að gera slíkt hið sama og láta fé renna í Verkefnasjóðinn okkar.

Verkefnasjóðurinn er sjóður sem hægt er að grípa til vegna neyðarað-

stoðar en til þess að það sé hægt þarf að efla sjóðinn sem hefur ekki haft úr miklum fjármunum að spila upp á síðkastið.

Það er von okkar Fjörgynjarfélaga að þessari áskorun verði vel tekið í öðrum Lions klúbbum.

Fh. Lkl. Fjörgyn  
Guðmundur Helgi Gunnarsson,  
formaður

Helgi Sigurbjartsson, ritari  
Gestur Már Þórarinnsson, gjaldkeri

# Pór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn

## Hvíta ævintýrið

### Norðurlandaping Lions (NSR)

Hið árlega þing Norræna samstarfsráðsins (NSR) var haldið í Kuusamo í Finnlandi 20-22. janúar síðastliðinn. Kuusamo liggur á heimskautabaugnum í norð - austur hluta Finnlands nærri rússnesku landamærunum.



Pór Steinarsson.

#### Þátttakendur frá Íslandi

Þátttakendur frá Íslandi voru fjölum-dæmisstjóri Geir Hauksson og k.h. Jórunn Jörundsdóttir, umdæmisstjóri í 109 A Guðmundur Rafnar Valtýsson og k.h. Ásdís B Einarsdóttir, umdæmisstjóri í 109 B Valdimar Þorvaldsson og k.h. Oddný E Valgeirsdóttir, alþjóðasamskiptastjóri Jón Bjarni Þorsteinsson, unglingaskiptastjóri Kristjana E Guðlaugsdóttir og m.h. Erlingur J Leifsson og AU - fulltrúi Íslands Pór Steinarsson. Þingið er opið öllum Lionsfélögum á Norðurlöndunum en flestir sem þingið sækja eru umdæmisstjórar Norðurlandanna og ýmsir embættismenn frá umdæmum og fjölum-dæmum. Fjölmargir þingfulltrúar taka maka sína með sér.

#### Vetur konungur

Í Kuusamo var reglulegur vetur með um 30°C stiga frosti. Rafmagnslínur voru vel ísaðar. Ekki hefði þurft mikinn vind til að þær hefðu slitnað eða staurar gefið sig.

#### Verkaskipting

Unglingaskiptastjóri,

Kristjana Guðlaugsdóttir, sat vinnufundi með unglingaskiptastjórunum megnið af föstudeginum. Alþjóðasamskiptastjóri, Jón Bjarni Þorsteinsson, sat vinnufund alþjóðasamskiptastjóra og stýrði námstefnu um SightFirst II. Á námstefnum þingsins var fjallað um efni eins og SightFirst II, LionsQuest, Félagarnir og klúbburinn, Unglingaskipti, Alþjóðasamskipti og Leo-klúbbmál-efni.

#### Kynningarkvöldið

Að kveldi föstudags var kynningarkvöld sem haldið var í „kofa“ í skógarrrjóðri í nágrenni hótelsins. Meðal skemmtiatriða var heimsókn „anda hreindýranna“ og var öll uppfærslan í anda „víkingavígslu“ í Fjörukránni í Hafnarfirði.

#### Vinnuhópar, fundarhöld, og þingstörf

Laugardagurinn hófst með morgunverðarfundum fjölum-dæmisstjórnar/ráðs. Því næst var hlustað á skýrslu alþjóðastjórnarmanns. Í máli hans kom m.a. fram að breytingar eru í vændum varðandi styrki til fræðslu eins og við veitum í Lionsskólanum. Er allt útlit fyrir að við fáum ekki lengur styrk til að halda Lionsskólann. Það er verðugt verkefni núverandi og viðtakandi fjölum-dæmisstjórnar að tryggja rekstur skólans.

Að loknu máli alþjóðastjórnarmanns var framsaga Rauli Svento um aðalefni þingsins „Leadership in the Modern Society“. Eftir erindi hans skiptist þingheimur í vinnuhópa sem lögðu drög að eftirfarandi ályktun þingsins um leiðtogafræðslu innan NSR.

#### Íslenskun á tillögunni

- Forysta er mikilvæg í nútímaþjóðfélagi og forysta á að vera mikilvægur þáttur í Lionsstarfi á öllum stigum til að betrubæta þjónustustarfsemi okkar og félagapróun.
- Fræða á viðtakandi leiðtoga á öllum stigum áður en þeir taka til starfa. Leggja skal mesta áherslu á fræðslu innan klúbba og umdæma.
- Fræðslustjórar fjölum-dæmanna á Norðurlöndunum eiga að samhæfa þróunina og skipulag leiðtogafræðslu. Norræna leiðtogafræðskólann (Nordiska ledarskap institutet) er hægt að skipuleggja í tengslum við NSR-þingin og í tengslum við leiðtogafræðskólana einstakra landa fyrir leiðtoga klúbba. Það er þörf á áætlun til að samhæfa leiðtogafræðslu á landsvísi innan Norðurlandanna og á alþjóðavísu.

Eftir hádegisverðarhlé var sjálfu NSR þinginu fram haldið. Þingritari var valinn PCC Pór Steinarsson, fundarstjóri PID Harri Ala-Kulju og til að undirrita fundargerðina CC Tapani Rahko og CC Geir Hauksson. Við upphaf þingfundar flutti Liis Klaar kveðjur frá Lionsfélögum í Lettlandi og PDG Harald Dräger flutti kveðjur frá „Baltic Sea Lions“ sem eru samtök nokkurra Lionum-dæma sem liggja að Eyrstrasaltinu.

Dagskrá þingsins var hefðbundin

**Fyrsta mál** var afgreiðsla á orðalagi breytinga á starfsreglum NSR varðandi val og stjórnun á alþjóðaverkefnum, en þessi breyting var samþykkt á NSR þingi í Færeyjum í janúar 2005.

**Annað mál** var niðurstaða AU hópans á framkvæmd NSR þinghalds sem AU hópurinn hafði unnið fyrir CC hópinn 2004-2005 og sem hafði verið samþykkt af CC hópum starfsárin 2004-2005 og 2005-2006. Eftir nokkrar umræður kom í ljós að Svíar höfðu snúist gegn hugmyndum um breytingar á framkvæmd NSR þinghalds, staðsetningu og innihaldi og var tillagan því felld með neitun þeirra. (Slikar tillögur þurfa að samþykkjast af öllum löndunum)

**Þriðja mál** var afgreiðsla reikninga fyrir 2004-2005, kynning á stöðu fjármála fyrir 2005-2006 og samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir 2006-2007. Runnu þessi mál ljúft í gegn.

**Fjórdða mál** var skýrsla um sam-eiginlega þátttöku NSR þjóðanna í alþjóðþingi í Hong Kong. Í ljósi þess að sænski koordinatorinn hafði ekki gert fullnægjandi grein fyrir fjárhagslegu uppgjöri og var sænska fjölum-dæmisstjóranum falið að ganga eftir því við hann.

**Fimmta mál** var kynning á undirbúningi alþjóðþings í Boston í júní-júlí 2006. Þetta verk er í höndum nýs koördinators Per Christensen frá Danmörku. Allur undirbúningur fyrir þingið er seinn á ferðinni þar sem þingstaður var fluttur til Boston eftir flóðin í New Orleans.

**Sjötta mál** var staðan í alþjóðaverkefnum NSR. Gerð var grein fyrir lokum verkefnis í Maarja þorpinu í Eistlandi. Einnig hvernig gengur að koma verkefni í Minsk í Hvíta Rússlandi af stað svo og undirbúningur að verkefni í Orea í Rúmeníu sem verður næsta NSR verkefni.

**Sjöunda málið** var umræða um meiri kynningu á starfsemi NSR, ritun sögu NSR og ákvörðun um að öll gögn ættu að varðveitast á Lionsskrifstofunni í Osló.

#### Dagskráin

Dagskrá þingsins var mjög lík því sem við þekkjum frá umdæmis- og fjölum-dæmisþingum okkar sem sést á eftirfarandi dagskrá.

#### Föstudagur

09.45 -	Nefndarfundir.
11.30 - 12.30	Fundur stýrihóps NSR (ráðgefandi fyrir fjölum-dæmisstjórana)
12.00	Hádegisverður
12.45 - 13.45	Fundur fjölum-dæmisstjóra
14.00 - 14.45	Setning NSR
15.00 - 17.00	Námstefnur/fyrirlestrar Makadagskrá
19.00	Kynningarkvöld

#### Laugardagur

08.00 - 08.45	Fundir einstakra fjölum-dæma
09.00 - 9.45	Skýrsla alþjóðastjórnarmanns og fyrirsögnir
09.45 - 12.00	Aðalefni NSR þingsins „Leadership in Modern Society“
12.00	Hádegisverður
13.00 - 17.00	Makadagskrá
13.00 - 17.30	NSR þingfundur
19.00	Kvöldverður

#### Sunnudagur

09.00 - 11.00	Fundur stýrihóps NSR
10.00 - 12.00	Fundur fjölum-dæmisstjóra
10.00 - 12.00	Hugsanlegir nefndarfundir
12.00	Hádegisverður

Því næst var komið að skýrslum frá einstökum námstefnum. Verður þeirra ekki getið sérstaklega hér.

### Tillögur og þingslit

Síðan var tekin fyrir tillaga Norðmanna um að auka fjárframlög til NSR verkefna. Tillagan hafði valdið nokkrum taugatitringi og hafði CC hópurinn því komið sér saman um að vísa verkefninu til AU nefndarinnar. Var það samþykkt en í umræðum kom fram eindreginn vilji þingheims til að auka framlögin.

Nú var farið að líða að lokum þinghalds. Geir Hauksson bauð til þings í Reykjavík í janúar 2007 og Svíar tilkynntu að í janúar 2008 byðu þeir til þings í Lidíngö rétt utan við Stokk-hólm.

Því næst var kynning á væntanlegum alþjóðastjórnarmanni PCC Jan-Áke Ákerlund frá Svíþjóð. Hann verður væntanlega valinn alþjóðastjórnarmaður á alþjóðafinginu í Boston.

Að venju var næstsíðasta innleggið Orkester Norden. Lennart Fridén

sem alla tíð hefur verið sérlega duglegur í störfum sínum fyrir Orkester Norden kynnti starfið síðastliðið ár.

Rússínan í pylsuendanum var svo þegar Geir Hauksson fjölumdamis-tjóri tók á móti Víkingnum, tákni NSR, sem merki um að Ísland verði í forsvari fyrir NSR hópnun næsta starfsár á alþjóðafingi, á Evrópufor-um og innan NSR, undir stjórn þess sem kjörinn verður fjölumdamis-tjóri á þinginu á Akranesi í júní.

Að kveldi laugardags var síðan lokahóf. Meðal skemmtatriða var

söngur dóttur finnska fjölumdamis-tjórans Tapani við undirleik hans.

Að morgni sunnudags blés AU hópurinn aftur til vinnufundar og meðan Þór sat yfir pappírnum fóru aðrir í ís-lenska hópnunum í smá gönguferðir í nágrenni hótelsins eða í stutta vél-sleðaferð í um 30 stiga frosti. Flogið var frá Kuusamo klukkan 14 og eftir tvær millilendingar komst hópurinn heim til Keflavíkur um miðnætti á sunnudagskvöld 22.janúar og var in-dælt að koma heim í hlýjuna úr 25-30 stiga frosti í Finnlandi.

## Jón Gröndal, varaumdamisstjóri 109B, Lkl. Nirði skrifar

# Skipan svæða í umdæmi 109B

## Nýjar hugmyndir

**Eins og Lionsfélagar eiga að vita eru svæði núna 8 í B umdæmi. Ýmsar sviptingar hafa verið þar og mörg vandamál. Sumir svæðisstjórar liðónýtir af ýmsum ástæðum. Innra starf á svæða-grundvelli lítið a.m.k. í B umdæminu.**

Umdæmisstjórar hafa verið sjaldséðir í umdæminu undanfarin ár og starfið líðið fyrir það. Kemur það fram í mikilli fækkun félaga í B umdæmi umfram það sem er í A umdæmi. Löngum hefur verið bent á nokkra veik-leika í svæðisstjórafrirkomulaginu.

### Kerfi varasvæðisstjóra – Skipting svæða

Eitt sem aldrei hefur tekist að koma á almennt er kerfi varasvæðisstjóra sem þá starfa með núverandi svæðisstjórum og taka við næsta ár. Þá eru sum svæði fjölmenn en önnur fámenn. Tilkoma Hvalfjarðarganganna breytir landslaginu og þannig má lengi telja.

Lengi hefur verið í farvatninu að sameina svæði 8 austan Eyjafjarðar og svæði 7 við Eyjafjörð. Það er nú orðin formleg gjörð og hefur verið tilkynnt til Bandaríkjanna. Umdæmisstjóri er beinn fulltrúi alþjóðaforseta og skipting svæða alfarið í hans höndum. Ástæða er að taka fram að formleg svæðamörk þurfa ekki að hafa nokkur áhrif á samstarf klúbba innan svæða. Hvort mörkum er breytt hefur engin áhrif á svo kallaðar svæðaskemmtanir klúbba. Viðkomandi klúbbar geta haft þá samvinnu sem þeim þóknast.

### Hugsanlegar breytingar

Ég hef hug á því að gera nokkrar breytingar á svæðaskipan þegar ég

tek við. Það þarf að kanna stöðu Lionsklúbbs Hólmavíkur. Þeir eiga að vera á svæði með Húnvetningum og Skagfirðingum alla leið til Siglu-fjarðar. Það er erfitt, enda mæta fulltrúar klúbbsins lítið á svæðisfundi og þess háttar. Hvað vilja klúbbfélagar? Þeir gætu farið á svæði með Dalamönnum og Hólmurum ef þeim þætti það betra eða jafnvel með Ís-firðingum. Ekki væri það þó styttra. Málið er að Hólmvíkingar mega ekki verða útundan. Gott væri ef þeir tækju þessa umræðu.

### Samvinna og sameining svæða

Það væri mjög æskilegt að hafa varasvæðisstjóra á stórum svæðum eins og á Snæfellsnesi og í Eyjafirðinum eða á Norðvesturlandi. Hann mynd þá vinna með svæðisstjóra og taka við næsta ár. Með tilkomu Hvalfjarðarganganna breyttust samgöngur. Í því ljósi er ég að hugsa um að sameina svæði 2 og 3, setja klúbba í Borgarnesi, Akranesi, Mossfellsbæ og í Grafarvogi saman á svæði og færa svo Tý yfir á svæði 1.

Ég er búinn að fá svæðisstjóra á bæði svæðin og þeir myndu starfa saman. Þeir ákveða hvort þeir starfa sem varasvæðisstjórar og taki svo við næsta ár og fái þá aðra varasvæðisstjóra með. Í mínum huga þarf ekki að breyta þeirri röð sem gildir milli klúbba um hvenær þeir leggja til svæðisstjóra.

### Rökin

Virkur varasvæðisstjóri væri mikils virði fyrir starfið í hreyfingunni hér.

Í fyrsta lagi kynntist hann starfi svæðisstjóra og kæmi því virkur inn að hausti sem svæðisstjóri. Hann

gæti tekið hluta heimsókna svæðisstjóra á svæðinu. Hann gæti mætt sem fulltrúi umdamisstjóra á mikilvægar samkomur ef umdamisstjóri eða svæðisstjóri kæmust ekki. Hægt væri að skipta svæðisfundum og vera með fræðslu fyrir hluta svæðisins. Það væri þá ekki svo langt að fara fyrir stjórnir klúbba. Ótvíræðir kostir væru fyrir nýjan umdamisstjóra að byrja með reynda svæðisstjóra úti á svæðunum.

### Svæðaskipan í umdæmi 109B 2006-2007

Ég reikna með að þessar breytingar

ar taki gildi um leið og ég tek við, fyrsta júlí. Svæðin verða því 6 á næsta starfsári.

**Svæði 1** hefur klúbba Baldur, Engey, Njörð, Tý, Vála og Úlfar.

**Svæði 2** verður með klúbba Öglu, Akraness, Borgarness, Eðnu, Mosfellsbæjar, Fold og Fjörgyn.

Númer annarra svæða breytast í samræmi við þetta.

**Svæði 6** verður því Eyjafjarðar / Húsavíkur svæðið.

Fari þetta vel á stað mun ég leita eftir að fá ötula varasvæðisstjóra til starfa á öðrum stórum svæðum.

## Alþjóðasamtök Lionsklúbba

Lionshreyfingin starfar í 197 löndum

Fjöldi Lionsklúbba er 46.000

Fjöldi félaga er 1.4 miljónir

## Ísland

Á Íslandi er fjölumdamí 109

Fjölumdamíð skiptist í umdæmi 109A og 109B

Í umdæmi A eru 43 Lionsklúbbar og  
1 Lionessklúbbur

Félagar í 109A eru samtals 1107

Í umdæmi B eru 45 Lionsklúbbar

Félagar í 109B eru samtals 1173

# Gunnar Kristjánsson, blaðafulltrúi Lkl. Grundarfjarðar

## Lkl. Grundarfjarðar á „Góðri stund“

### Sex nýir félagar



Nýjir félagar ásamt formanni Jóhanni Þór Ragnarssyni sem er lengst til vinstri á myndinni en nýju félagarnir eru frá honum taldir. Salbjörg Nóadóttir, Þórður Magnússon, Dóra Henriksdóttir, Ólafur Marinósson, Sædis Helga Guðmundsdóttir og Rósa Guðmundsdóttir.

**Starf Lionsklúbbs Grundarfjarðar fór af stað með krafti sl. haust með helgarferð um skoska hálendið í september sl. Flogið var utan á fimmudagsmorgni en komið til baka á sunnudegi.**

Þetta er önnur utanlandsför klúbbsins á tveimur árum en á síðasta ári fór klúbburinn í vikuför um vínhéruð Þýskalands. Báðar þessar ferðir hafa tekist með eindæmum vel og eftir félags- og liðsandann í klúbbnum. Klúbburinn fundar í Fákaseli, félagsheimili hestamanna í Grundarfirði. Einu sinni í mánuði er matarfundur og skiptist þá niður á félagi að sjá um matseldina hverju sinni.

Helsta fjáröflun klúbbsins er sala fermingarskeyta en einnig hefur klúbburinn selt úrvals fiskisúpu á bæjarhátíð Grundarfjarðar, „Á góðri stund“ sem fram fer árlega síðustu helgina í júlí. Þá bættist við sala jólatrjáa sem var ný fjáröflun fyrir jólin 2004 og var síðan endurtekin fyrir síðustu jól og mun væntanlega festa sig í sessi sem fjáröflun.

#### Svo bættist í hópinn.

Á jólafundi 30. desember sl. sem haldinn var í veitingahúsinu Krákunni í Grundarfirði voru 6 nýir félagar teknir í klúbbinn með viðhöfn og hátíðleika. Í klúbbnum, sem

er blandaður klúbbur, fjölgaði á þessum fundi um 4 konur og 2 karla og er þá tala félaga farin að nálgast 30.

Jóhann Þór Ragnarsson formaður stýrði inntökuathöfninni og fékk félagi og meðmælendur til þess að aðstoða sig eftir þörfum við að lesa

siðareglur og markmið og næla Lionsmerkinu í barminn.

Að athöfn lokinni voru hinir nýju félagar boðnir velkomnir í klúbbinn með dynjandi lófataki. Það er mikill fengur að því að fá slíkan liðsauka í Lionsstarfið.



Jóhann Þór Ragnarsson formaður Lionsklúbbs Grundarfjarðar afhendir heilsugæslulækni tækin.

## Gjafir til Heilsugæslunnar

Á degi neyðarþjónustunnar, sem haldinn var laugardaginn 11. febrúar sl., afhenti Lionsklúbbur Grundarfjarðar Heilsugæslustöð Grundarfjarðar þrjú tæki. Þetta voru hjartaustuðtæki, súrefnismælitæki og heyrnmælingatæki, allt saman tæki af fullkomnustu gerð.

Lionsklúbbur Grundarfjarðar hefur frá stofnun klúbbsins 1972 stutt dyggilega við starfsemi heilsugæslu-

þjónustunnar með tækjakaupum auk fjölda annarra verkefna sem komið hafa íbúum byggðarlagsins til góða.

Það var heilsugæslulæknir stöðvarinnar Gunda Nygaard og framkvæmdastjórinn Friða Matthíasdóttir sem veittu tækjunum viðtöku að viðstöddum fjölda félaga úr Lionsklúbbi Grundarfjarðar.

## SKONDIÐ • SKONDIÐ

Víða um lönd leitar fólk til sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum. Þannig fékk kynlífráðgjafi í Florída heimsókn sem hann átti ekki von á og kom honum nokkuð á óvart, þegar yfir lauk.

Þarna átti í hlut maður og kona, bæði komin vel á sjötugs aldur og þegar læknirinn spurði hvað hann gæti gert fyrir þau, spurði maðurinn á móti hvort læknirinn vildi ekki vera svo vænn að fylgjast með þeim hafa samfarir. Kynlífsfræðingurinn varð, að vonum, nokkuð undrandi vegna óskar svo aldraðra um ráðgjöf á þessu sviði, en samþykkti þetta.

Þegar parið hafði lokið sér af sagðist sérfræðingurinn ekki hafa greint neitt athugasemjast við hvernig þau fóru að þessu, rukkaði þau um 50 dollara, þakkaði þeim komuna, óskaði þeim alls hins besta og kvaddi. Átti hann ekki von á öðru en að þessum samskiptum væri lokið þar með, en svo var ekki.


Þetta gerist nefnilega nokkrar vikur í röð. Parið pantar viðtal, hefur samfarir án nokkurra vandræða, greiðir sérfræðingnum og hverfur á braut.

Eftir að svo hafði gengið til í 5 eða 6 vikur gat sérfræðingurinn ekki orða bundist. „Ég vona að þið fyrirgefið mér“, sagði hann, „en ég verð að spyrja eftir hverju þið eruð eiginlega að leita“.

„Við erum ekki að leita eftir neinu“, sagði gamli maðurinn. „Hún er gift, svo ekki getum við farið heim til hennar. Ég er kvæntur svo ekki getum við farið heim til mín, Holiday Inn tekur 98 dollara fyrir herbergið og Hilton 139 dollara. Hérna gerum við það fyrir 50 dollara og af því fáum við 43 dollara til baka frá tryggingarstofnun.“



Eypór Gardarsson sjúkraflutningsmaður og Gunda heilsugæslulæknir sýna hvernig súrefnismælitækið virkar. Lionsfélagar og aðrir gestir á 112 degi fylgjast með.



# Minning



**Pálmi Hannesson, meðmælandi, býður nýja félagan, Ásgrím Pálsyni velkominn í klúbbinn.**

**Pálmi Hannesson, formaður, Lkl. Garði**

## Fræjum sáð í Garðinum

Klúbburinn hélt sinn árlega þorrafund laugardaginn 18. febrúar og tókst fundurinn í alla staði mjög vel. Í boði var þorramatur frá Múlakaffi, frosið íslenskt brennivín og þorraöl frá Agli. Eins og undanfarin ár var þessi hátíð haldin heima hjá einum félaganum, að þessu sinni heima hjá gjaldkeranum Antoni Hjörleifs og konu hans Kolbrúnu Guðmunds. Á þessum fundi bættist við einn nýr félagi, Ásgrímur Pálsson.

Þann 18. apríl verður klúbburinn 20 ára og af því tilefni hefur verið ákveðið að heimsækja Kaupmannahöfn. Farið verður í byrjun maí og er mjög góð þátttaka í ferðina. Eitt af því sem verið er að gera í ár er að kynna klúbbinn í byggðarlaginu. Um miðjan febrúar bárum við út í öll hús í Garðinum lítinn kynningarbækling sem verður svo fylgt eftir seinnipartinn í mars með bréfi sem einnig verður borið út. Í því bréfi verður þeim sem áhuga hafa á að kynna sér Lionsklúbbinn og hreyfinguna boðið í kaffi á Flösina, sem er nýr og góður veitingastaður í Garðinum. Er það von okkar að þetta geti vakið áhuga á því sem Lions er að gera og að fleiri gangi til liðs við klúbbinn.

## Sveinbjörn Benediktsson

Þann 26. janúar 2006 andaðist Sveinbjörn Benediktsson frá Hraunprýði, Hellissandi. Sveinbjörn fæddist í Grafarnesi við Grundarfjörð 6. október 1918. Sveinbjörn var stöðvarstjóri Pósts og síma í rúm 40 ár.

Þegar Lionsklúbbur Nesþinga var stofnaður, 29. nóvember 1970, var Sveinbjörn einn af 28 stofnfélögum klúbbsins. Hann var ritari klúbbsins 1977-1978, endurskoðandi til margra ára og í líknarnefnd árin 1978 til 1999, oftast sem formaður. Starfið í líknarnefnd var honum mjög hjartfólgið, ekki síst fyrir þær sakir að þá gafst honum tækifæri, fyrir hönd klúbbsins, að hitta og gleðja, um



jól, eldri borgara í heimahéraði og brottflutta Sandara er dvöldu á stofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Svein-

björn var sannur Lionsfélagi og var öll ár sín í klúbbum með 100% mætingu.

Sveinbjörn var kvæntur Ástrósu Friðbjarnardóttur frá Hellissandi. Hún lést 1999. Þau heiðurshjón eignuðust fjóra syni. Ástrós var stofnfélagi í Lionessklúbbum Þernunni sem síðar varð Lionsklúbbur.

Ég vil fyrir hönd Lionsklúbbs Nesþinga þakka góðum félagamönnum þau ár sem við áttum með honum. Innilegar samúðarkveðjur sendum við börnum hans og fjölskyldum þeirra.

*Ómar Lúðvíksson, ritari,  
Lkl. Nesþinga*

## Óli Björgvinsson

Mágur minn og félagi, Óli Björgvinsson, lést á heimili sínu þann 22. desember 2005. Óli var fæddur í Borgargerði á Djúpavogi þann 16 apríl 1942. Foreldrar hans voru Björgvin Björnson fæddur 4. apríl 1904 og Dagmar Snjólfsdóttir fædd 21. maí 1907. Óli var næst yngstur í fimm systkina hópi, hin eru Ásgeir fæddur 29. október 1927, Svavar fæddur 13. ágúst 1931, Snjólfur fæddur 13. ágúst 1934 og Guðlaug fædd 06. október 1946.

Óli gekk í barnaskólann á Djúpavogi og síðan lá leið hans í Héraðsskólann að Eiðum þar sem hann lauk Gagnfræðaprófi. Eftir það stundaði Óli ýmsa vinnu bæði á sjó og landi. Óli starfaði um skeið við verslunarstörf hjá K.E.A. á Akureyri, en hugurinn stefndi alltaf heim til Djúpavogs. Á árinu 1962 tók Óli við starfi verslunarstjóra hjá Kaupfélagi Berufjarðar á Djúpavogi og gegndi því starfi til ársins 1974, er hann var kosinn oddviti sveitarfélagsins. Starfaði Óli sem oddviti og síðar sem sveitarstjóri Búlandshrepps til ársins 1986. Óla voru falin ýmis trúnaðarstörf á Djúpavogi og var formaður Ungmennafélagsins Neista og Skógræktarfélags Djúpavogs enda mikill áhugamaður um skógrækt.



Hann var meðal annars í stjórn Kaupfélags Berufjarðar og Búlandstinds h/f á Djúpavogi.

Árið 1966 kvæntist Óli Ólöfu Auði Óskarsdóttur frá Höfn í Hornafirði og var það hjónaband farsælt og hamingjuríkt, þau deildu sorgum sínum og gleði og áttu mörg sameiginleg áhugamál. Þau byggðu hús á Djúpavogi sem þau nefndu Hraungerði og bar þar allt vott um smekkvísi og áhuga þeirra fyrir ræktun blóma og trjáa. Ólöfu misti Óli 2. janúar 2003. Börn þeirra eru Erlendur rafeindavirki fæddur 20. desember 1965 kvæntur Þóreyju Dögg Jónsdóttur. Þeirra börn eru Tinna Dögg,

Elvar Freyr og Ólöf Rún. Kristín fædd 13. ágúst 1972 þjónn, kvænt Ingólfi Guðna Einarssyni veitingamanni á Höfn, þeirra börn eru Sævar Örn, Guðbjörg Halldóra og Ólöf Auður.

Árið 1988 flytja þau hjón til Borgarness, þar sem Óli hefur nám í bifvélavirkjun og líkur námi þar 1992 með góðum vitnisburði. Árið 1996 flytja þau hjón til Hornafjarðar, þar sem Óli hóf vinnu hjá Vélsmiðju Hornafjarðar.

Óli hafði góða kímigáfu og var orðheppinn, þó að hann flíkaði því ekki nema í góðra vina hópi, enda maður frekar hlédrægur en traustur vinur vina sinna.

Óli var einn af stofnfélögum Lionsklúbbs Djúpavogs, og gengdi þar mörgum trúnaðarstörfum bæði í stjórn og nefndum. Hann starfaði í Lionsklúbbi Borgarness meðan hann dvaldi í Borgarnesi og síðan í Lionsklúbbi Hornafjarðar til dauðadags.

Félagarnir í Lionsklúbbi Hornafjarðar þakka Óla fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins og kveðja hann með söknuði. Vottum eftirlifandi aðstandendum dýpstu samúð og biðjum Guð að blessa minningu hans.

*Lionsklúbbur Hornafjarðar,  
Þórarinn Pálmason.*

# **S A M F U N D U R**

**Lionsklúbba verður haldinn á Hótel Héraði, Egilsstöðum**

**1. apríl og hefst kl. 13.00**

**Aðgangur að samfundum er heimill öllum Lionsfélögum  
og Lionessum**

**Á fundinum skiptast embættismenn fjölumdæmis, umdæma  
og klúbba á upplýsingum um starfið í hreyfingunni**

**Fjölmennum**

**Fjölumdæmisstjórn**

# **Framboðsfrestur**

**Ekki hafa borist framboð til eftirtaldra embætta sem kosið verður um á  
fjölumdæmisþingi 2006:**

**Kynningarstjóra til tveggja ára, félagastjóra, félaganefndarstjóra og  
útbreiðslustjóra til þriggja ára.**

**Framboðsfrestur hefur því verið framlengdur til 15. apríl.**

**Ennfremur hafa ekki borist framboð til embættis fjölumdæmisritara og  
fjölumdæmisgjaldkera til eins árs**

**Eru Lionsfélagar hvattir til að gefa kost á sér í framangreind embætti.  
Nánari upplýsingar gefur fjölumdæmisstjóri, Geir Hauksson.**

**Fjölumdæmisstjórn**